

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti ÍPRF2ÍS03	
	Námsáætlun Vor 2017	

Kennari	Hinrik Þórhallsson	Sk.st.	HPÓ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er farið yfir helstu atriði í íslenskri íþróttasögu ásamt helstu þáttum í erlendri íþróttasögu s.s. Ólympíuleika. Fjallað er um gildi og hlutverk íþróttar í nútíma samfélagi. Komið er inn á félagslegar rannsóknir á sviði íþróttar á Íslandi, áhrif fjölmiðla á þróun íþróttar, kynjamun og íþróttaiðkun, ásamt tengingu fjármagns og auglýsinga við íþróttir. Fjallað er um stefnur í íþróttum, s.s. afreksmannastefnu íþróttahreyfingarinnar og afreksmannasjóð. Vikið er að skipulagningu íþróttahreyfingarinnar og uppbyggingu hérlendis og hvernig við tengjumst heimssamtökunum. Farið er yfir árangur Íslendinga á Ólympíuleikum, íþróttir mismunandi hópa, íþróttir sem heilsuefningu, gildi íþróttar, forvarnir, áhrifamátt og tengsl fjölmiðla og fjármagns við íþróttir. Einnig eru íþróttir skoðaðar út frá áhrifum á samfélag nemanda.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu íþróttar á Íslandi fyrr og nú
- glímu, sem þjóðaríþrótt Íslendinga
- helstu atriðum í sögu Ólympíuleika
- félagslegum rannsóknum á sviði íþróttar á Íslandi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- skoða áhrif íþróttar á samfélagið
- þekkja uppbyggingu og skipulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi
- læra um áhrifamátt og tengsl fjölmiðla og fjármagns við íþróttir

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja gildi íþróttar sem forvarnarstarfs
- skilja samfélagslegt gildi íþróttar fyrr og nú
- skilja gildi íþróttar sem söluvöru
- taka þátt í umræðum um íþróttir í samfélaginu í viðum skilningi

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Ágrip af sögu íþróttar (Ísland) og Íþróttir og samfélag eftir DR. Ingimar Jónsson 1983 nánar í samráði við kennara
Tímarit	Heimildir á tölvu
Myndbönd	Ýmis myndbönd er tengjast efni áfangans
Ljósrit (afhent)	Afhent eftir því sem tilefni er til
Annað (t.d. ítarefni)	Bækur og efni frá bókasafni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti ÍPRF2ÍS03	Námsáætlun Vor 2017


Áætlun um yfirferð:


Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
1-18 vika	<p>Kynning á efni áfangans og námsáætlun afhent. Ípróttasaga landsmanna allt frá landnámi og fram á okkar daga. Fjallað um ípróttir fornanna (vopnaburð, fangbrögð o. fl.) sundið og upphaf sundkennslu. Þá verður einnig fjallað um upphaf ípróttakennslu í skólum. Þróun helstu ípróttagreina o.s.frv.</p> <p>Ípróttir í samfélagslegu ljósi. Fjallað verður um afreksípróttir og almenningsípróttir, tengsl fjölmiðla og fjármagns við ípróttir, menntun o.fl. Vikið er að uppbyggingu og skipulagi ípróttahreyfingarinnar á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Þróun helstu ípróttagreina á Íslandi frá 1950 til okkar daga og fjallað um félagsmál og fundarskóp.</p>	<p>Unnið með heimildir og nemendur vinna 3 verkefni úr efni áfangans</p> <p>Vinna nokkur saman að myndbandsverkefni um afmarkað efni sem tengist ípróttum og samfélagi</p>

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Símat: 4 Verkefni. Skila verður öllum verkefnum til að standast áfangan.	3 Ritgerðarverkefni 25% hvert verkefni og 1 Myndbandsverkefni 25%	100%

Dagsetning:

18/11/17 
 Undirritun kennara

19/11/17 
 Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils